

Humarhátíð á Höfn

Humarhátíðarnefnd 2025 skipaði:

Anna Regína Heiðarsdóttir
Birna Jódís Magnúsdóttir
Emil Örn Morávek Jóhannsson
Helga Valdís Helgadóttir
Katrín Birta Björgvinsdóttir
María Hjördís Karlsdóttir
Róslín Alma Valdimarsdóttir
Sigríður Þórunn Þorvarðardóttir
Svandís Perla Snæbjörnsdóttir

Humarhátíðarnefndin 2025 breytingar urðu á hópnum í ár og bætist inn nýtt fólk en tveir sem höfðu verið áður héldu áfram í nefndinni. Eins og seinustu ár þá fékk nefndin styrk upp á 5,5 milljónir frá sveitarfélaginu.

Hátíðin sjálf fór fram á sama staða og hún hefur gert síðustu ár og voru notaðir sölukofarnir, svið (flutningabíll) og hátíðartjaldið, komu tveir matarvagnar og var körfuboltin að selja inni í tjaldinu og fótboltin var úti með tjald. 66 gráður norður var einnig með tjald og Slysavarnarfélagið með bás og Akita Iceland. Þar sem veðrið var gott alla helgina fór öll dagskráin fram niðrá á svæði. Hátíðin fór vel fram og flestir voru sáttir með hátíðina.

Undirbúningur

Að manna nefndina tók sinn tíma og var haldinn íbúafundur (man ekki hvenær) sem mjög fáir mættu á. Emil og Sigga fóru að veiða fólk og úr varð stór og vel mönnuð nefnd. Skipulag gekk vel og vel gekk að fá atriði bæði frá heimamönnum og að utan. Tekin var ákvörðun að bjóða UMF sindra að taka rusla- og klósettvaktilir að sér til að létta á nefndarmönnum og var það virkilega gott að okkar mati og munaði um mikið fyrir nefndarmenn á hátíðinni sjálfri.

Framkvæmd

Humarhátíðarnefnd lagði mikið upp úr breiðu og góðu samstarfi og var meðvituð um það að stór og glæsileg hátíð væri ekki möguleg nema að deila vel verkum.

Nefndin bjó sér til ramma um framkvæmd hátíðarinnar en hvatti síðan fólk til þess að standa sjálf að sínum viðburðum víðsvegar um bæinn. Nefndin hugsaði um hátíðarsvæðið, brekkusönginn á Hóteltúninu og uppistands viðburð á Hafinu. Aðrir viðburðir voru sjálfbærir, en ef óskað var eftir fjármagni þá hvöttum við viðkomandi til að finna styrktar aðila en veittum fjármagn ef vantaði upp á.

Hátíðarsvæði

Svæðið sem kallast Miðsvæði á skipulagi var notað undir hátíðarhöldin, þar sem fjórir sölubásar fengu pláss á ásamt tveimur söluvögnum og einu tjaldi. Á svæðinu var stórt hátíðartjald og flutningabíll sem nýttist undir hátíðarsvið.

Vert er að ítreka að Humarhátíðarnefnd 2023 lagði til í skýrslu sinni að þetta svæði yrði formlega skilgreint sem hátíðarsvæði bæjarins á deiliskipulagi og að farið yrði í þróun á innviðum á svæðinu svo svæðið anní bæjarhátíð; en Aðgengismál, Rafmagnsmál og aðgangur að vatni er eitthvað sem þarf að hafa í huga. Humarhátíðarnefndin 2024 stóð enn við þetta og sam á á við nefndina núna 2025 og hvetur til þess að farið verði í breytingar, enda fleiri viðburðir sem haldnir eru í bænum sem myndu njóta góðs af.

Hátíðarsvið

Hátíðarsviðið var í KASK vöruflutningabíl sem síðan var stækkað með euro-pallettum og krossviðsplötum og tókst það vel til.

Hátíðartjaldið

Hátíðartjaldið kom líkt og árið áður frá Exton en það var 15 x 25 metrar á stærð.

Þetta var fullkomin stærð sem annaði hátíðinni mjög vel.

Körfuknattleiksdeild Sindra vildu fá að vera með tjaldið og kom það þá í þeirra hlut að manna uppsetningu á því, það gekk ótrúlega vel.

Körfuboltadeildin kom sölubás fyrir í tjaldinu og sá um gæslu og sölu á veitingum.

Nefndin leggur mikið upp úr því að það sé frítt inn í tjaldið og því kom það í hlut hennar að kaupa inn þau skemmtiatriði sem þar voru í boði. Körfuboltadeildin var svo með í ráðum hvað það varðaði.

Íþróttahúsið

Knattspyrnudeild Sindra sá um viðburði sem fram fóru í Íþróttahúsinu sem var þá einna helst stórdansleikur með Stuðlabandinu á laugardeginum. Einnig sáu yngriflokkarnir um gæslu á hoppuköstulunum. Knattspyrnudeild sá um sölu inn á ballið og fékk allan ágóða af því ásamt því að sjá um sölu á léttum veitingum.

Hljóðkerfi

Tóti týndi (Mega sound) kom aftur til okkar þetta árið, þar sem hann er farinn að þekkja vel hvað hátíðin þarf og helst sami dill við hann og síðustu ár. Hljóðmálin voru í góðum gæðum eins og fyrri ár, enda skiptir hljóð miklu máli.

Hafið var með hljóðkerfið sem var notað á fimmtudagskvöldið. Síðan setti leikfélag Hornafjarðar sett upp hljóðið sem var notað á sunnudaginn í leiksýningunar sem var í Íþróttahúsinu.

Viðburðir

Nú verður farið yfir þá viðburði sem voru á dagskrá, í þeirri röð sem dagskráin var sett upp í. Dagskráin hófst á þriðjudegi og stóð til sunnudags, stóð því yfir í 6 daga.

Þriðjudagur 24. júní

Listasmiðja MMH

Listasmiðja fyrir Húmarhátíð á Menningarmiðstöðinni fyrir börn á grunnskólaaldri.

Miðvikudagur 25. júní

Sindraleikar

Ungmennafélagið Sindri (Frjálsíþróttadeildin) hélt leikana á Jökulfellsvelli og voru með ýmsar íþróttir, þrautir og leiki. Vel tókst til og börnunum þótti mjög skemmtilegt.

Hverfahátíðir

Við ákváðum að endurvekja aftur hverfa hátíðirnar með örlítið breyttu sniði. Það voru þrjú hverfi með hverfahátíðir og var mjög skemmtilegt þrátt fyrir mikla rigningu þann dag. Vonandi taka enn fleiri hverfi þátt á næsta ári. Skreytingar í hverfunum jukust örlítið með þessari endurupptöku en vissulega setti rigningar veðrið strik í reikninginn.

Gamlabúð

Spaghetti bandið með lifandi tónlist í gömlubúð

Samkvæmisdans fyrir fullorðna

Helga Kristín Ingólfs danskennari var með samkvæmisdans fyrir fullorðna, um 10 mættu og var mjög skemmtilegt.

Fimmtudagur 26. Júní

Tónleikar í Hafnarkirkju

Með Benjamín Gísla

Brekkusöngur á Hótel túninu

Fyrsti formlegi liður Húmarhátíðar var Brekkusöngurinn sem fram fór á Hótel túninu.

Þau Björg og Þorkell Ragnar leiddu brekkusönginn. Yngra-flokkastarft fótboltans stóðu fyrir sölu og veitingum á staðnum. Viðburðurinn var skemmtilegur, grasið örlítið blautt en ekkert sem Hornfirðingar þekkja ekki.

Vinsmakk með Sóleyju Björk

Á Heppu. Skemmtilegur og öðruvísi viðburður.

Fjölskylduviðburður á vegum KKD í KASK tjaldinu

KKD stóð fyrir fjölskylduviðburði. Karaoke og pizzur og heppnaðist vel.

Improv Ísland á Hafinu.

Frábærlega skemmtileg improv sýning með hópnum Improv Ísland. Erna Gísla var leynigestur og svo var settur upp söngleikja spuni "Hvítur hvítur húmar". Mikið hlegið og ótrúlega gaman og um 170 manns sem mættu.

Blúsbræla Þorkels og Bjargar

Á Hafinu að loknu improv, Þorkell og Björg standa alltaf fyrir sínu.

Föstudagur 27. Júní

Frítt í sund

Grillaðar pylsur í Húsasmiðjunni

Húsasmiðjan stóð fyrir þessum viðburði.

Opnun "Sjónræn ómun / Visual Resonance"

Í Svavarsafni. Listamenn voru viðstaddir opnunina og sögðu frá verkum sínum. Einnig var súpa í boði.

Súpur um allan bæ

Eins og í fyrra var sjávarréttasúpa í stað humarsúpu og tókst það vel til. Gestgjafarnir voru fjórir, vítt og breytt um allan bæ. Bæði gestgjafarnir og gestirnir voru ánægðir. Skinney-Þinganes styrkti súpuna um fisk, MS um rjóma og Nettó styrkti súpuna um grænmeti og brauð. Coca cola og Ölgerðir styrktu um gos. Nefndin keypti servíettur, bolla og skeiðar fyrir súpuna.

Skrúðganga

Var stórfengleg og var vel sótt. Eldgleypar frá Leikfélagi Hornafjarðar mættu og tóku eld-sýningu bæði fyrir göngu og að henni lokinni. Undraverur HVAÐ gengu í göngunni og einnig stór fálki frá Pilkington. Lúðrasveitin gat því miður ekki verið með að þessu sinni vegna vandræða með að manna sveitina en vonandi geta þau verið með að ári, þar sem missir var af þeim.

Dagskrá á Hátíðarsvæði

Mjög fjölmennt á hátíðarsvæðinu enda Væb á dagskrá. Júlí Heiðar og Dísa voru kynnar hátíðarinnar og settu hátíðina, Undraverur HVAÐ voru með atriði og að lokum tróð Væb upp og gjörsamlega tryllti lýðinn. Að því atriði loknu stilltu piltarnir sér upp fyrir myndatökur og áritanir og var röð í um klukkutíma þar sem spenntir aðdáendur fengu að bera þá augum. Nefndin stingur upp á að hafa hraðar hendur um svona feng snemma á næsta ári.

Tónlistarveisla í KASK tjaldinu

Að mestu Hornfirsk atriði Rökkurbandið, Synir og dætur holdsins, Dóþamín (aðkeypt) og Ær og Kýr enduðu með ball. Það sem nefndin tók með sér frá þessari veislu er uppröðun atriða, miða frekar á að byrja rólega og byggja upp stuðið.

Hafið

Á Hafinu var Villi Magg trúbador.

Laugardagur 28. Júní

Frítt í sund

Hornafjarðarmanni í Nýheimum

Var á vegum Knattspyrnudeildar Sindra með aðstoð frá Alberti Eymundssyni, vel sótt að vanda og mikið spilað.

Burnout

Kolbeinn Guðjónsson hélt utan um Burnoutið og var góð mæting ef ekki betri en í fyrra.

Barnadagskrá - ýmis atriði

Kassabílarallý og finasta þátttaka, eins og ár hvert eru krakkarnir seinir að skrá sig sem heldur okkur á tánum, kynnamir Dísa og Júlí kynntu. Söngvakeppni barnanna með Júlí og Dísu, fjöldi krakka tóku þátt og heppnaðist vel, Leikhópurinn Lotta á Hótel Túninu, vel sótt, hoppukastalar, sápubolti í boði Ungmennaráðs, barnadiskó með Júlí og Dísu, furðurverur Pilkington og Ævintýraverur Hvað. Eitthvað fyrir alla.

Dagskrá á KASK sviðinu

Isabella Tigist með söngatriði, verðlaunaafhending, Þorkell og Björg með atriði og svo Júlí Heiðar og Dísa.

Opið í Kask tjaldinu

Kask-tjaldið var opið allan daginn og fram á kvöld og var öll umgjörð þar til fyrirmyndir. Eins og áður kom fram hélt körfuboltadeild Sindra utan um tjaldið og seldi þar veitingar og drykki. Spaghetibandið, Ekrubandið og DJ diskó upphitun með Júlí og Dísu fyrir ball. Mikil stemning var í tjaldinu.

Pallapartý

Kristín og Jóhann buðu gestum og gangandi á pallinn sinn á Ránarslóð þar sem Dóþamín spilaði. Á Hafnarbúðinni var Dj partý, þar sem DJ Kriss spilaði og seldar voru veitingar, sem heppnaðist mjög vel.

Stórdansleikur í Íþróttarhúsinu með Stuðlabandinu

Dansleikur með Stuðlabandinu og var það Knattspyrnudeild Sindra sem sá alfarið um utanumhald og kostnað á þeim viðburði.

Gekk sá viðburður ótrúlega vel og var algjör stemning í íþróttahúsinu til klukkan 3 um nóttina.

Sunnudagur 29. júní

Golfmót á Silfurnesvelli í boði Sjóvá

Golfklúbbur Hornafjarðar stóð fyrir golfmóti sem styrkt var af Sjóvá. Góð þátttaka.

Söguganga með Huldu Laxdal frá Gömlubúð

Hulda fór með sögugöngu frá Gömlubúð líkt og hefur verið seinustu ár.

Barna- og fjölskylduleikritið FJÖLSKYLDU FERÐALAGIÐ - Hvað ætla ég að gera?

Í íþróttahúsinu, góð mæting.

Einnig voru tattoo artistar í gömlubúð alla hátíðina.

Varðandi Kúadellulottó

Humarhátíðarnefnd 2024 endurvakti kúadellulottó og ætlaði 2025 nefndin að halda í það en fékk að vita þegar leitað var eftir kálfi í verkefnið að það gangi ekki upp, óþarfa stress sem lagt er á dýrið.

Auglýsingaefni

Samfélagsmiðlar

Virgni á samfélagsmiðlum er mikilvæg bæði fyrir auglýsingar og almennt fyrir fólkið til að sýna það sem er að gerast á hátíðinni sjálfri.

Við vorum með mjög virka nefndarmeðlimi í þessu í ár og tókst mjög vel og fengum mikið lof fyrir allt efni sem kom á samfélagsmiðla og lögðum okkur mikið fram við að auglýsa vel og gera hátíðinni góð skil á samfélagsmiðlum.

Bæklingurinn

Nefndin gaf út bækling í tilefni hátíðarinnar sem var borinn út í hús eins og síðustu ár. Bæklingurinn var hugsaður fyrir dagskránna, upplýsingar um hátíðina og auglýsinga frá styrktaraðilum.

Hátíðarsvæði

Upplifun humarhátíðarnefndarinnar á ánægju bæjarbúa hvað staðsetningu hátíðarsvæðið varðar er gífurleg, og vill nefndin enn og aftur ítreka að gott væri að svæðið verði skilgreint hátíðarsvæði í skipulagsmálum sveitarfélagsins og uppbygging og þróun svæðisins verði gerð með það í huga.

Til að hægt sé að ganga vel um svæðið og halda góðar hátíðir þarna, m.a. Humarhátíð, 17. júní, jólatrésskemmtun og fleira, þá þarf að huga að allskonar innviðum.

Það þarf að huga að því hvort að hagkvæmt sé að byggja svið sem myndi nýtast undir hátíðina ásamt öðrum viðburðum, meðal annars þeirra sem nefndir voru hér á undan. Slíkt tíðkast í sumum öðrum bæjarfélögum.

Aðgengi að svæðinu.

Til að auðvelda aðgengi að svæðinu hvað varðar sölubása og þjónustu þarf að stækka og breikka gönguleiðir, svo þær geti rúmað þau farartæki sem draga eða þurfa að koma búnaði á svæðið en mikil drulla getur myndast þegar blautt er úti. Gripið var til þess að sækja fleka og setja að inngangi KASK tjaldsins og virkaði það vel.

Aðbúnaður

Huga má að vatnslögnum og krönum á svæðinu því þjónustu aðilar þurfa að komast að slíku.

Auka rafmagn


Vill nefndin ítreka eftirfarandi úr fyrri skýrslu. Á svæðinu eru tvö rafmagnsbox,

Box A) sem er staðsett við girðinguna á sundlauginni og Box B) Staðsett við löggustöðina.

Bæta þarf rafmagnið á svæðinu, því þó það sé ágætt, þá er það fljótt að fara þar sem matarvagnar og bílar þurfa stór rafmagnstengi og var svolítið slegist um þau, en einungis 1 32A tengi er í Boxi A og eitt 16 A tengi, sem þjónustar ekki stóreldhústæki. Það er algjörlega kýrskýrt að þetta þurfi að bæta fyrir næstu humarhátíð ef að svæðið á að verða að hátíðarsvæði.

Hljóðkerfi sem unnið er með þarf einnig stórt og gott rafmagn, og þarf það að vera haldið á sér rafmagnslögnum, því hátalarar byrja að suða um leið og kælar koma í tengingu við sömu rafmagnslögn. Einnig þarf að dreifa úr buxunum til að koma í veg fyrir snúruflækjur, og passa uppá fagurfræðina.

Tillaga að breytingum



- A) Rafmagnsbox hjá Sundlaug. Þar eru til staðar 1 x 32.A Tengill 1 x 16.A tengill og 8 x hefðbundnir tenglar
- B) 2 x 32 A tengill og 4x 16.A tengill ásamt 8 hefðbundnum tenglum

Viðbætur

- C) Box til að tengja rafmagn í tjald 2 X 32.A Tenglar
- D) Box sem samsvarar því sem svarar Boxi A
- E) Hátíðarsvið: Við leggjum til að hannað verði hátíðarsvið sem er fast á svæðinu. Það mun þjónusta meða annars 17 júní, Húmarhátíð og Aðventuhátíðina

Söluaðillar hafa verið að lenda í vandræðum með vatn og því mælum við með því að vass kranar verði settir á Svæði A, C og D

Ef að Íþróttahús yrði hannað á þessu svæði, þá væri frábært að vera með aðgengi frá svæðinu inn á salernisaðstöðu íþróttahúsins og þá þarf ekki að eltast við að vera með kamra á svæðinu.

Hvað má bæta?

Það sem bæta mætti væri í raun að svæðið yrði skilgreint sem hátíðarsvæði. Þá væri mögulega sniðugt að byggja yfirbyggt svið á svæðinu sem myndi þá nýtast í aðra viðburði sem haldnir eru í sveitarfélaginu eins og Sjómannadagur, 17. júní skemmtun og aðventuskemmtun. Einnig væri hægt að bjóða upp á þá aðra viðburði. Nefndin skoðaði alveg að fá alvöru bíla sem sérhæfa sig í tónlistarviðburðum en kostnaðurinn við að fá svoleiðis er mjög mikill og sáum við ekki fram á að geta réttlætt það. Þess vegna, eins og flest önnur árin sem Humarhátíð hefur verið haldin, var fenginn bíll frá flutningafyrirtæki á svæðinu þar sem hátíðardagskráin fór fram að einhverju leyti. Við teljum að sóminn af hátíðinni, hátíðarsvæðinu og bænum í heild yrði miklu meiri ef að hægt væri að byggja fallegt svið.

Lokaorð

Við erum mjög stolt af hátíðinni 2025 og fannst okkur dagskráin þökkud og mjög fjölbreytt og teljum að allir hafi geta fundið eitthvað fyrir sitt hæfi. Við teljum að það hafi verið gott jafnvægi á millri keyþra “stórra” skemmtiatriða sbr. Væb og Júlí og Dísu og svo Hornfirskum tónlistarmönnum og skemmtiatriðum sem við teljum ótrúlega mikilvægt að hafa á hátíðinni. Eins og síðustu ár lögðum við mikla áherslu á að hafa mikið af barnvænni dagskrá og að hátíðin henti fjölskyldufólki vel þegar velja á tímasetningar fyrir ýmsa viðburði. Svo var einstaklega skemmtilegt að fá mjög gott veður í fyrsta skipti á langan tíma og gerði það góða hátíð enn betri.

Bókhald

Hátíðin var aðeins ódýrar heldur en í fyrra en það var ekki svo miklar eftirstöðvar frá árinu áður og urðu eftirstöðvarnar ekki miklar eftir hátíðina. Hátíðin var mjög glæsileg og reyndum við að borga öllum sem frammkomu á hátíðinni. Við náðum að safna fleiri styrkjum heldur en í fyrra, en það sést vel að verð eru að hækka ár frá ári.

Tekjur voru 7.832.248 kr

Kostnaðurinn var 7.797.681 Kr

Eftirstöðvar = 34.567 Kr

Styrkir og Innkoma

Sveitarfélagið Hornafjörður	5.500.000 Kr
Styrkir frá fyrirtækjum	1.780.000 kr
Miðasala	310.400 Kr
Eftirstöðvar síðasta árs	241.848 Kr
Samtals	7.832.248 kr

Útgjöld

Kostnaðaliðir		
A	Tækni og Búnaður	1,713,644 kr
B	Þjónusta	118,800 kr
C	Aðkeypt Skemmtiatriði	3,542,830 kr
D	Hornfirsk Skemmtiatriði	1,065,000 kr
E	Markaðssetning	198,526 kr
F	Dvalar	424,000 kr
G	Ferðakostnaður	41,767 kr
H	Annar Kostnaður	693,114 kr
	Samtals	7.797.681 Kr

